

## Fundargerð – 12. fundur stýrinefndar ríkisstjórnarinnar og Hawkpoint, 2 júní 2009

Málsnúmer: FOR09030068

Skráð: 6. júní 2009

Eigandi skjals: Tómas Brynjólfsson/FOR/NotesST JR

Fundargerð: 12. fundur stýrinefndar ríkisstjórnarinnar og Hawkpoint (fjármálalegur ráðgjafi ríkisstjórnarinnar ) kl. 10 þann 2. júní 2009, Fjármálaráðuneytinu, Reykjavík.

### Mættir

Indriði H. Þorláksson (formaður), Björn Rúnar Guðmundsson, Þórhallur Arason, Þorsteinn Þorsteinsson, Helga Valfells fyrir hönd stjórnvalda. Charles Williams, Andrew Speirs, Christian Kent, Claire Harwood frá Hawkpoint. Viðar Lúðvíksson and Grímur Sigurðsson frá Landslögum. Joe Bannister og Richard Brown frá Lovells. Tómas Brynjólfsson ritaði fundargerð.

### Ákvarðanir og aðgerðir:

Lowells mun kynna nánari útlistun á hugsanlegu gerðardómsferli.

Stýrinefndin gaf Þorsteini Þorsteinssyni og Hawkpoint umboð til þess að halda áfram með samningaferlið í samræmi við minnisblað þar að lútandi.

Stýrinefndin þarf að fara yfir hver gefur Hawkpoint og Þorsteini Þorsteinssyni leiðbeiningar um hvernig þeir eigi að bregðast við. Ákveðið var að Þórhallur Arason myndi vinna með Þorsteini og Hawkpoint að samningunum. Nefndin samþykkti að stjórnvöld myndu beina kröfuhöfum til skilanefnda og Hawkpoint þar sem samningaferlið er hafið.

### 1. Staða samningaferlis

CW: tímalína hefur færst áfram í kjölfar heimsóknar AGS. Áætlanirnar taka nú tillit til hærri Seðlabankavaxta og breyttra gengisforsenda. Niðurstaða eru forsendur um verri stöðu hagkerfisins fyrir bankakerfin.

Landsbankinn og Íslandsbanki hafi nú þegar uppfært viðskiptaáætlanir sínar en Kaupþing mun leggja áætlanir sínar inn í dag. Fundir hafa verið settir upp með skilanefndum í þessari viku til þess að ná samningaferlunum af stað í samræmi við nýja tímaáætlun. Samkvæmt áætlunum er smáræðis hagnaður af Landsbankanum. Hann afvaxtar nú lán með hærri vöxtum líkt og Íslandsbanki hefur gert. Verðmat hans er nú 100 milljörðum lægra en lægsta verðmat Deloitte.

### 2. Eigið fé.

FME hefur ekki svarað formlega tillögum um eigið fé. FME hefur hins vegar tekið þátt í fundum um viðskiptaáætlanir. Bankarnir hafa uppfært ICAAP áætlanir sínar en FME hefur ekki farið yfir þær. Hawkpoint telur að bankarnir séu enn óstöðugir og áhættusamir. Hluti eigin fjár gæti komið í gegnum skuldabréf með valrétti. Bankarnir hafa óskað eftir miklu eigið fé. Búið er að ýta þessu talsvert niður. Landsbankinn er með T1 eigið fé 12%. Það fer í 7-8% í verstu álagsprófinu.

Landsbankinn hefur stungið upp á 140 milljarða eigið fé. Tap á 4. fjórðungi var 20 milljörðum svo að Tier 1 er nú í 120 milljörðum. Þá er bankinn með eigið fé sem er um 12% af áhættuvegnum eignum. 40 milljarðar af 165 milljörðum er T2 eigið fé.

Íslandsbanki er með 60 milljarða en T1 er nú 65 milljarðar vegna 5 milljarða hagnaðar á fjórða fjórðungi [2008]. T1 er um 12-13%. 20 milljarðar af 35 [hér hlýtur að eiga að standa T2] milljörðum er T2.

Kaupþing er ekki komið svona langt. Það er hola í efnahagsreikningum upp á um það bil 70 milljarða. Holuna þarf að fylla.

### 3. Skuldabréf með valrétti.

Hawkpoint gerði nefndinni grein fyrir minnisblaði um skuldabréf með valrétti að viðbættum viðaukum frá Lovells og áætlunum frá Lovells.

Búið er að kasta upp drögum að skjali með skilmálum vegna mögulegra hækkunar hlutafjáreignar [kröfuhafa]. Þetta gæfi kröfuhöfum valrétt yfir hlutabréfum stjórnvalda. Þeir gætu nýtt sér valréttinn frá ári 2 til 5 til kaupa á hækkandi verði. Skv. JB er kröfuhöfum mikilvægt að unnt verði að framselja valréttinn til þriðja aðila. Það sé hagstæðara að ekki sé um að ræða hlutabréf til að byrja með. Minnihlutastöður eftir það. Bönkunum er mikilvæg að fá lokaniðurstöðu sem fyrst. Mikilvægt er að niðurstaða falli að óskum stjórnvalda. Hawkpoint stakk upp á því að kröfuhafar fengju stjórnarmenn strax í upphafi (stungið hefur verið upp á einum af fimm eða tveimur af sjö)

Joe Bannister á von á því að skilanefndirnar velji einhverja aðila í stjórnirnar eftir samráð við ICC.

Vextirnar á lánastykkjunum sem kallaður hefur verið Deloitte fjármögnunarkostnaðurinn, þ.e.a.s. áhættalaus ávöxtun + 300. Þetta væri mjög hagstæð kjör fyrir bankana.

### 4. Viðskiptaáætlanir

CK: Hawkpoint gerði grein fyrir helstu atriðum viðskiptaáætlana. Íslandsbanki er einkum að hugsa um ICAAP, eigið fé, fjármálagerninginn og álagspróf. Megin munurinn felst lægri ávöxtun eigin fjár hjá Landsbankanum.

Það er skoðun Hawkpoint að allar þrjár viðskiptaáætlanirnar séu vel hugsaðar og nákvæmlega útfærðar.

AS sagði að viðskiptaáætlun Íslandsbanka gæti valdið kröfuhöfunum mestum vandræðum.

### 5. Eigið fé frá stjórnvöldum.

RB: Eiginfjárframlag stjórnvalda verður með fljótandi Seðlabankavöxtum. Það þarf að vera unnt að nota það í endurkaupaviðskiptum við Seðlabankann. AGS vill að það sé seljanlegt. Það verður að vera unnt að endurgreiða það ef bankinn skiptir um hendur. Hawkpoint þarf að kanna tengslin á milli seljanleika og endurgreiðslu betur. Hugsanlegt að setja upp uppboðsferli á ríkiseignum sem stjórnvöld tóku yfir fyrir nýju bankana.

### 6. Kaupþing – neikvætt skuldabréf með valrétti

AS greindi frá fjórum leiðum til að leysa úr þessum vanda:

Færa skuldir til baka. Þetta er lagalega og pólitískt erfitt.

Færa eignir til baka yfir í nýja banka. Þetta er auðveldasta lausnin

Færa nýja Kaupþing yfir til gamla Kaupþings. Ólíklegt að kröfuhafar sætti sig við þetta og þetta gæti orsakað hlaup innlánseigenda á nýja bankann.

AS benti á að forgangur innlánseigenda væri lagalega mikilvægast núna. Það skipti mestu fyrir stjórnvöld að þessu yrði ekki umturnað. Enn væri óljóst hvort ráðist yrði gegn Ísland vegna þessa fyrir erlendum dómstólum.

JB sagði að það væri lagalega mikilvægt að halda innlánnum frá gömlu bönkunum.

CW bað menn að gjalda varhug við því að erlendu kröfuhafarnir vildu hugsanlega ekki taka þátt í ferlinu ef þeim þætti tíminn of naumt skammtaður. Þetta væri aðalvandamálið við nýjan lokafrest til að ljúka ferlinu.

AS sagði að fyrirkomulag upplýsingamála væri ekki eins og best væri á kosið. Gömlu bankarnir hafa ekki getað komið eins miklum upplýsingum til kröfuhafanna og menn hefðu bundið vonir við. Þetta gæti lagast þar sem FME og Deloitte haf meira eða minna unnið úr fyrri vandamálum.

7. Lögfræðileg málefni.

JB sagði að það væru þrjú aðalvandamál um leið og hann lýsti þrepa áætlun:

Aðferðafræði

Verðmæti skuldabréfsins

Mögulegar áhættur

Lovells gerði grein fyrir því að setja þyrfti fram leið til að ráða með óháðum hætti úr deilumálum.

Nefndin samþykkti að rétt væri að ræða gerðardómsleið við skilanefndir þótt ekki væri rétt að leggja það fram til að byrja með.

ÍP óskaði eftir minnisblaði um málið frá Lovells og vildi fá frekari umræður um málið í nefndinni áður en eitthvað væri ákveðið um það. Vill að þetta verði rætt frekar

CW benti á að gerðardómsferlið gæti gert stjórnvöldum kleift að setja bankana á legg og koma umræðunni um þessi mál frá þeim sjálfum til þess að þeir gætu nú þegar einbeitt sér að verkefnum sínum.

Nefndin gaf Hawkpoint og ÞP til þess að halda áfram með ferlið í samræmi við minnisblað þar að lútandi.

AS sagði að kröfuhafar gætu tapað hagnaðarhlutdeild í skuldabréfunum með valréttunum ef gerðardómsleiðin væri valin. Mikilvægt væri að gera ítrustu kröfur strax í byrjun, við gætum átt von á því að þurfa að bakka töluvert.

AS óskaði eftir því að nefndin velti því fyrir sér hver myndi skilgreina samningamörk Hawkpoint og ÞP þegar þeir þyrftu að byrja að bakka frá upprunalegum samningskröfum.

Nefndin samþykkti að ÞA myndi bætast í samningateymið með Hawkpoint.

HV upplýsti nefndina um að ákvörðun um stjórnskipulag myndi komast nær því að vera tilbúin eftir að „framkvæmdanefndin“ verður búin að fá kynningu á norska fyrirkomulaginu.

Nefndin samþykkti að stjórnvöld ættu að beina kröfuhöfum til skilanefnda og Hawkpoint þar eð samningaferlið er hafið.

JB upplýsti nefndina um viðræður Lovells við lögfræðiteymi AGS. Þeim þykir vinnan sækjast seint en eru ánægð með að Ísland virðist vera að reyna að draga úr hættu á málsóknum. AGS hefur ekki sett lokadagsetningu í lok júní – en vill að að henni verið stefnt eins og fyrr var ákveðið. Ekki hefur verið rætt um gerðardómsleið við AGS, en það þarf að gera.